

þarasleiðandi hægt að sundurliða í setningar, sem innihalda einhverja umsögn um eitthvað. Setningar þessar eru, segir Kant, tvenskonar: sumar eru sundurliðandi, aðrar eru sameinandi. Í sundurliðandi setningum bætir umsögnin engu við þann hlut, sem hún er um, einsog í setningunni: allir líkamir hafa stærð. Umsögnin: hafa stærð, felst í hugtakinu líkami, vegna þess að það sem enga stærð hefir er ekki líkami. Aftur á móti er þessi setning: jörðin er reikistjarna, sameinandi setning, því í henni bætir umsögnin nýju þekkingar atriði við hlutinn, sem hún er nim. Aðeins hinar sameinandi setningar auka þekkinguna sundurliðandi setningar eru í raun og veru engin þekking. En til þess að þekking sú, sem felst á hinum sameinandi setningum sé áreiðanleg verður hún að vera sönn í öllum tilfellum, sambandið á milli hlutarins og umsagnarinnar má ekki vera undir tilviljum komið, heldur verður að vera nauðsynlegt samband. Nú eru tilfelli þau, sem reynzlan gefur æfinlega takmörkuð að tölu, og þessvegna er ekki hægt að segja að einhver sannindi, sem birtast í þeim öllum séu þar fyrir nauðsynleg, eða vísindaleg sannindi. Þar afleiðandi verða þau að vera grundvöllnuð í skynsemanni engu síður en reynzlunni ef þau eiga að vera vísindaleg sannindi. Með öðrum orðum, þau verða að vera fyrirfram (a priori) sönn í skynsemanni, einsog Kant kennst að orði. Alt, sem bygt er á reynzluni einni er eftir á sannað (a posteriori) og er ekki óbrigðust. Sönn þekking samanstendur af fyrri fram sönum sameinandi setningum. Þannig svarar Kant spurningunni, hvað er þekking? Og gagnrýni skyuseminnar á að vera til þess að leiða í ljós hvernig þannig lögud þekking getur átt sér stað.

Pegar um hina breinu skynsemi er að ræða má skifta henni samkvæmt starfi hennar. Í fyrsta lagi beinist hún útá við og tekur á móti áhrifum frá umheiminum, þessi blutinn er skynjun (Anschauung); í öðru lagi myndar hún heildir úr efni því, sem skynjunin framleiðir samkvæmt vissum lögum, það er lægrí skilningur eða dómgreind (Verstand); síðan myndar hún úr ályktunum dómgreindarinnar algildandi skoðanir eða hugmyndir, þetta er hinn hærri skilningur (Vernunft), sem er hin hæsta